# FRÉTTABLAÐIÐ

204. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 30. ÁGÚST 2016




**Ferð til fjár** Hásetinn Stefán Þórisson á Ísak AK frá Akranesi var að vonum kampakátur með túrinn er landað var í Keflavík í gær. Ísak kom með tíu tonn af makríl eftir átta tíma túr og haldið var út á ný um leið og löndun lauk. Makríllinn er seldur suður á bóginn fyrir 60 krónur kílóið, sem er minna en fékkst þegar viðskipti við Rússland voru enn við lýði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tilkynnt um 40 til 50 tælingar árlega

**Árið 2014 bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 58 tilkynningar um að reynt hafi verið að lokka barn upp í bíl. Að meðaltali eru tilkynningarnar fjörutíu til fimmtíu á ári. Talið að um þriðjungurinn sé á misskilningi byggður. Fræða þurfi börnin án þess að hræða.**

**LÖGREGLUMÁL** Í fyrra bárust lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 27 tilkynningar um að reynt hafi verið að tæla barn upp í bíl. Í meðalári berast hins vegar 40 til 50 tilkynningar,

Árið 2014 voru tilkynningarnar 58. Áætlað er að fjöldinn verði svipaður í ár. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu segir miklar sveiflur á slíkum tilkynningum. Eftir umfjöllun í fjölmiðlum eykst fjöldi tilkynninga til muna. Stundum byggi þær á misskilningi. Dæmi séu til dæmis um að bílstjórar bjóði börnum far eða spyrji til vegar.

**58**
**tilkynningar um tælingar bárust lögreglu árið 2014**

Virðist sem að eftir mikla umfjöllun og umræðu um tælingar hafi börnin varann á og láti skóla eða foreldra vita af öllum grunsamlegum ferðum. Þau mál eru talin með í fjölda tilkynninga til lögreglu.

Í gær barst tilkynning um tælingu er ókunnur maður á svörtum jeppling bauð níu ára dreng í Kópavogi upp í bíl og sagði móður drengsins hafa lent í umferðarslysi. Barnið féll ekki fyrir blekkingunni heldur hljóp í skólann og tilkynnti málið til skólastjóra.

Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla segir mikilvægt að fræða börn en ekki hræða þau. Foreldrar þurfi að gefa sér góðan tíma til að ræða málin og fara yfir hætturnar sem geta orðið á vegi barnanna án þess að mála skrattann á vegginn. – ebg / sjá síðu 6

## Glerþak stöðvar konur á uppleið

**VIÐSKIPTI** Sigrún Ragna Ólafsdóttir, eina konan í starfi forstjóra félags í Kauphöll Íslands, hætti sem forstjóri VÍS í gær. Stjórn Félags kvenna í atvinnulífinu gagnrýnir stöðuna.

„Konur eru með menntunina en það er einhvern veginn eitthvert glerþak sem stöðvar þær,“ segir Hildur Petersen, fyrsta konan í starfi forstjóra félags í Kauphöllinni.



Hildur Petersen

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir það stjórna fyrirtækjanna að jafna kynjahlutfallið „Ég sé í fljótu bragði ekkert sérlega flókið við að leysa þetta mál,“ segir Páll. – ih / sjá síðu 10

## Sekt en ekki fangelsi fyrir neysluskammta af dópi

**LÖGREGLUMÁL** Nái tillögur starfshóps heilbrigðisráðherra fram að ganga mun refsing fyrir vörslu og meðferð á neysluskömmtum ólöglegra vímuefna verða bundin við sektir.

Í dag er enn gert ráð fyrir í lögum að hægt sé að dæma menn í fangelsi fyrir vörslu ávana- og fíkniefna sem er víst að séu til einkaneyslu. Um árabil hefur þeim málum þó lokið með sekt og með breytingum á lögum væru því lögin í takt við hvernig þeim hefur verið framfylgt.

Starfshópurinn leggur til að brot fyrir vörslu á fíkniefnum fari ekki á sakaskrá ef sektin við brotinu er lægri en 100 þúsund krónur.

**»Í dag er enn gert ráð fyrir í lögum að hægt sé að dæma menn í fangelsi fyrir vörslu**

Skýrsla starfshópsins, sem hefur starfað undir forystu Borgars Þórs Einarssonar lögfræðings verður samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins kynnt á Alþingi í dag. – jhh / sjá síðu 8



**Borgar Þór Einarsson er formaður starfshóps ráðherra.**


## Fréttablaðið í dag



**LÍFIÐ** Ungfrú Ísland hefur vart undan að taka á móti pólskum kveðjum. 26

**FRÉTTIR** Fyrrverandi forseti Frakklands styður þá hugmynd að flóttamenn geti sótt um hæli í Bretlandi þótt þeir séu staddir í Frakklandi. 10

**SKOÐUN** Frosti Ólafsson segir hugvit leyst úr höftum. 13

**SPORT** Tryggvi Snær Hlinason var valinn í landsliðið. 14

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg




HVÍTA HÚSIÐ / Actavis 511072
Actavis

## Veður




Lægð nálgast nú landið og byrjar að hvessa allra syðst með rigningu upp úr miðnætti í kvöld, austan 8-15 m/s í nótt, hvassast með suðurströndinni.

SJÁ SÍÐU 18

## Umferðaröngþveiti í Reykjavík



Fjölmargir sátu fastir í umferðarteppu síðdegis í gær er malbikunarframkvæmdir voru á Bústaðavegi. En hvers vegna er ráðist í malbikun einmitt er fríum flestra er að ljúka. „Það er verktakans að svara fyrir það hvernig hann forgangsraðar vinnu sinni. Þetta er boðið út hjá okkur og við stýrum því afskaplega takmarkað,“ segir Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds hjá Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Öryggisávarp aðeins á ensku í Ameríkuflugi

**SAMGÖNGUR** Ef um er að ræða fleiri þjóðerni en Íslendinga um borð er öryggisávarp einungis flutt á ensku í flugferðum WOW air, en ekki á bæði ensku og íslensku eins tíðkast í millilandaflugferðum íslenskra flugfélaga.

Fram kemur í svari frá WOW air að þjóðerni gesta sé í hverju flugi mjög mismunandi, og til að tryggja sem besta athygli og skilning flestra um mikilvægar öryggisupplýsingar sé öryggisávarpið því einungis flutt á ensku þegar um er að ræða fleiri þjóðerni en Íslendinga um borð í hverju flugi.

Ef einungis Íslendingar eru um borð til dæmis í sólarlandaflugi til Tenerife fer öryggisávarp eingöngu fram á íslensku. Einnig sé öryggisspjald í hverjum sætisvasa sem skýrir myndrænt út öryggisatriði. **– sg**



Anthony Weiner enn gripinn við að senda nektarmyndir. NORDICPHOTOS/AFP

# Einum skandala of mikið

**BANDARÍKIN** Fyrrum þingmaðurinn og borgarstjóraefni New York borgar, Anthony Weiner, hefur nú í þriðja sinn verið gripinn glóðvolgur við að senda konum dónaleg skilaboð með nektarmyndum af sjálfum sér.

Eiginkona Weiners, Huma Abedin, sem er aðstoðarkona Hillary Clinton, sagðist í gær vera búin að fá sig fullsadda og væri skilin við eiginmann sinn.

Weiner sagði af sér þingmennsku árið 2011 eftir að hafa sent djarfar myndir af sér til annarra kvenna en eiginkonu sinnar. Hann reyndi að snúa aftur í stjórnmálin 2013 með því að bjóða sig fram sem borgarstjóri New York en þá fóru fleiri djarfar myndir af honum í umferð.

Nú mun Weiner hafi sent myndir af sér á nærfötunum einum saman til konu árið 2015. Barn þeirra hjóna, Weiners og Abedin, sést við hlið hans. **- snæ**




# Samfélagið gaf risastórt knús eftir eldsvoðann

**Safnast hafa tæpar tvær milljónir handa fjölskyldu sem missti allt sitt í bruna á Seltjarnarnesi. Bruninn er enn eitt áfallið í fjölskyldunni eftir langvinn veikindi, missi og fjárhagserfiðleika. Á ekki orð yfir góðmennskuna segir Jóhanna Ósk.**

**SAMFÉLAG** Fyrir tveimur vikum varð eldsvoði á Seltjarnarnesi. Jóhanna Ósk Snædal og fjölskylda hennar hafa búið í húsinu síðustu þrjátíu ár. Jóhanna er sjálf flutt að heiman en faðir hennar og bróðir bjuggu í húsinu þegar bruninn varð.

Síðasta árið hefur verið fjölskyldunni erfitt. Þau misstu húsið á nauðungaruppboði í apríl, móðir Jóhönnu lést í júlí eftir fimm ára baráttu við krabbamein og mánuði síðar brann húsið.

„Veikindi mömmu tóku gífurlega á og missirinn er mikill enda var hún kletturinn í fjölskyldunni sem hélt okkur öllum saman. Fyrir utan andlega álagið þá lentu foreldrar mínir í fjárhagskröggum sem varð til þess að þau misstu húsið en þau fengu leyfi til að leigja það í eitt ár,“ segir Jóhanna.

Fjölskyldan var nýbúin að ganga frá eigum og fötum móðurinnar þegar bruninn varð en eldurinn, reyk- og vatnsskemmdir eyðilögðu allt innbú fjölskyldunnar.

„Fyrir utan myndaalbúmin. Þau eru flest heil og við erum gífurlega þakklát fyrir að eiga myndirnar, ekki síst af mömmu.“

Eldsupptök eru óstaðfest en talið er að kviknað hafi í túbusjónvarpi í stofunni. Faðir Jóhönnu stendur nú uppi eignalaus á afar erfiðum tímapunkti í lífinu. Hann treysti sér ekki til að koma fram í fjölmiðlum en er þessa dagana að koma sér fyrir í nýrri íbúð ásamt bróður Jóhönnu.

Jóhanna skrifaði færslu á Facebook þar sem hún bað um stuðning fyrir föður sinn. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Tæpar tvær milljónir hafa safnast á styrktarreikning og á morgun verða haldnir tónleikar.



Jóhanna Ósk ásamt syni sínum, Óðni. Hún ásamt allri fjölskyldunni mun mæta á tónleikana annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

### Styrktartónleikar fyrir Kristján Snædal & fjölskyldu

**Staður:** Félagsheimilið á Seltjarnarnesi
**Stund:** Miðvikudagur klukkan 20.00
**Miðaverð:** 2.000 krónur

**STYRKTARREIKNINGUR**
Bnr. 301-13-112767
Kt. 2703892369

**FRAM KOMA**
Sigvaldi
Erna Hrönn
Alda Dís
María Ólafs
Dagur Sig
Ívar Daníels
Greta Salóme

„Ég á ekki orð yfir góðmennsku Íslendinga. Við erum svo snortin og það er svo gott að finna þennan stuðning, ekki endilega fjárhagslega, heldur tilfinningalega. Mér þykir svo vænt um þetta og hjartað hefur stækkað um fimm númer. Þetta er eins og risastórt knús frá samfélaginu.“

**erlabjorg@frettabladid.is**

NISSAN

Innovation that excites

# NISSAN PULSAR

# EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI




## VISIA DÍSIL
EYÐSLA 3,6 L/100 KM*

**3.090.000 KR.**

## ACENTA DÍSIL
EYÐSLA 3,6 L/100 KM*

**3.390.000 KR.**

**STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:**
LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslenskt leiðsögukerfi og samþætting við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðuþurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

ENNEMM / SÍA / NM75221 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Forstjóri Landsvirkjunar gagnrýnir tímaþröng við rammaáætlun

**ORKUMÁL** Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, telur að athugasemdum Landsvirkjunar við tillögur verkefnisstjórnar um þriðja áfanga rammaáætlunar hafi ekki verið svarað.

Hörður segist ekki skilja af hverju tillögurnar hafi verið unnar í tímaþröng.

Verkefnisstjórn þriðja áfanga rammaáætlunar skilaði á föstudag umhverfis- og auðlindaráðherra tillögum sínum að flokkun virkjunarkosta. Um er að ræða fyrsta skiptið sem lögð er fram tillaga unnin í samræmi við lög um rammaáætlun sem tóku gildi að fullu árið 2013.

„Í þessu ferli erum við að taka sem þjóð mjög mikilvægar ákvarðanir um nýtingu og vernd auðlindanna. Verkefnisstjórn hefur þurft að vinna vinnu sína í tímaþröng sem hefur haft veruleg áhrif á vinnu þeirra og ekki hefur náðst að skoða mjög mikilvæg atriði sem snúa að samfélagi og efnahag,“ segir Hörður.

> Ekki hefur náðst að skoða mjög mikilvæg atriði sem snúa að samfélagi og efnahag.
>
> Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar



„Einnig kemur það sterkt fram hjá faghópi fjögur að þetta sé ekki í samræmi við hvernig aðrar þjóðir vinni að svona ákvörðunum,“ bætir Hörður við.

Stefán Gíslason, formaður verkefnisstjórnar, viðurkenndi í samtali við RÚV að rammaáætlun hefði verið unnin í tímaþröng.

Hörður segist ekki skilja af hverju liggi á að taka svona umfangsmiklar ákvarðanir um flokkunina, það sé ljóst að þrýstingurinn komi ekki frá Landsvirkjun.

„Við teljum að það vanti inn í þessar tillögur. Vissulega var ágætt að flokka einhverja kosti en við þessar aðstæður hefði verið skynsamlegra að fjölga kostum í biðflokki og gefa aðilum færi á að vinna greiningar sem snúa að áhrifum á samfélag og efnahag áður en svona umfangsmiklar ákvarðanir eru teknar,“ segir forstjóri Landsvirkjunar. **– sg**



Danir tapa og tapa í spilum.

## Hringja í tapara

**DANMÖRK** Tap Dana vegna þátttöku í fjárhættuspilum hjá hinum ýmsu fyrirtækjum hefur vaxið um 20 prósent á fimm árum. Tapið nemur nú um 9 milljörðum danskra króna á ári, að sögn danska ríkisútvarpsins.

Danskar getraunir reyna nú að ná til þeirra sem tapa mest og hringja í þá en alls nam tap Dana vegna spila hjá dönskum getraunum 4,7 milljörðum danskra króna í fyrra. **– ibs**

## Hafliði snýr aftur til 365

**FJÖLMIÐLAR** Hafliði Helgason hefur verið ráðinn ritstjóri efnahags- og viðskiptafrétta hjá Fréttastofu 365. Hann mun annast ritstjórn Markaðarins, fylgiblaðs Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, ásamt fleiru. Hafliði var í hópi fyrstu blaðamanna Fréttablaðsins við stofnun þess árið 2001 og starfaði þar óslitið til ársins 2007. Hann var ritstjóri Markaðarins, fylgiblaðs Fréttablaðsins um viðskipti frá stofnun blaðsins árið 2005.

Frá 2007 hefur Hafliði unnið að ýmsum verkefnum tengdum fjárfestingum, nú síðast sem sérfræðingur hjá Framtakssjóði Íslands frá árinu 2012. Hann er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og á að baki nám í blaðamennsku í Svíþjóð og heimspeki við Háskóla Íslands.



**Hafliði Helgason, nýráðinn ritstjóri Markaðarins**

# Rísa upp og „stöðva vitleysuna“

**Leikskólastjórar í Reykjavík funduðu í gær í þeim tilgangi að reyna að „stöðva vitleysuna“ sem þeir segja niðurskurð til leikskóla vera. Borgarstjóra afhent ályktun í dag. Allir orðnir fullsaddir, segir leikskólastjóri.**

**VELFERÐARMÁL** Nær allir leikskólastjórar og aðstoðarleikskólastjórar hittust á óformlegum fundi í leikskólanum Rauðhól í Norðlingaholti í gær til að ræða fjárhagsstöðu leikskóla borgarinnar. Fyrirvarinn var naumur en hitinn í fólki var mikill.

„Það eru allir búnir að fá sig fullsadda af niðurskurði. Nú ætlum við að reyna að stöðva þessa vitleysu. Við erum algjörlega komin inn að beini,“ segir Guðrún Sólveig, leikskólastjóri á Rauðhól.

Undanfarna daga hafa leikskólastjórar komið fram í fjölmiðlum og sagt fjárhagsstöðu leikskóla aldrei hafa verið jafn slæma. Frá hruni hafi leikskólar verið sveltir og að í ár hafi staðan verið sérlega erfið eftir enn meiri niðurskurð í málaflokknum.

Í síðustu viku tók steininn úr þegar rekstrarniðurstöður fyrir árið 2015 voru kynntar með þeim skilaboðum til leikskólastjóra að spara þurfi enn meira, þar sem leikskólar taka tapið frá fyrra ári með sér inn í nýtt ár.

„Það er mikil samstaða og samhugur meðal stjórnenda. Nú ætlum við að ganga fram og skrifa ályktun um málið. Það er í vinnslu í þessum töluðum orðum,“ segir Guðrún Sólveig.

Leikskólastjórar ætla svo að afhenda borgarstjóra ályktunina klukkan ellefu í dag í ráðhúsinu.

En gerir Guðrún ráð fyrir að ályktun muni hafa áhrif? „Við gerum ráð fyrir að hlustað verði á okkur, við erum ekki vön að standa upp og vera með læti. En nú er okkur nóg boðið,“ svarar Guðrún.

Leikskólastjórar vilja að hætt verði við þá ákvörðun að leikskólar fari inn í nýtt rekstrarár með skuldir fyrra árs á bakinu.

„Og að leikskólar fái það fjármagn sem þeir þurfa fyrir eðlilegan rekstur,“ segir Guðrún og nefnir dæmi um alls kyns sparnað síðustu átta árin sem hefur laskað starf leikskólanna. Helst hefur verið skorið niður í stærstu kostnaðarliðunum, í mat og starfsmannahaldi.



**Krakkarnir á Rauðhóli léku sér úti í blíðunni í gær. Á leikskólanum eru 212 börn og þarf að skera þar niður um sjö milljónir á næsta ári. Leikskólastjórinn er ráðþrota.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Við gerum ráð fyrir að hlustað verði á okkur, við erum ekki vön að standa upp og vera með læti. En nú er okkur nóg boðið.
>
> Guðrún Sólveig, leikskólastjóri Rauðhóls



„Við reynum að ráða starfsfólk í eldhúsið sem kann að nýta allt. Við notum til að mynda hafragrautinn í brauðið. Svo skerum við niður þar sem við getum. Fyrir rúmu ári hættum við til að mynda að gefa börnunum lýsi. Þar spöruðum við einhverja þúsundkalla. Við þurfum nefnilega að horfa í hverja einustu krónu.“

Guðrún Sólveig viðurkennir að mikil þreyta sé komin í starfsfólk leikskóla en einnig miklar áhyggjur af starfinu og börnunum.

„Sífellt fleiri börn eru hér lengri daga en á meðan er verið að skerða gæðin. Starfsmenn reyna að gera eins vel og þeir geta. Þótt við séum undirmönnuð og undir miklu álagi reynum við að ná öllum í fang og knúsa alla eins mikið og við getum í stað þess að vera í streitu og hraða. En nú erum við komin að þolmörkum,“ segir Guðrún Sólveig.

**erlabjorg@frettabladid.is**


# LANGTÍMALEIGA

## NÚNA ER RÉTTA TÆKIFÆRIÐ

Núna er rétta tækifærið til að gera langtímaleigusamning hjá Átak bílaleigu. Þeir sem gera langtímasamning til **24 mánaða** eða lengur fyrir **10. september** fá **30% afslátt** af fyrsta mánuðinum og **10.000 kr.** eldsneytisinneign hjá Olís.

## INNIFALIÐ Í ÞJÓNUSTUNNI

Bifreiðagjöld • tryggingar • sumardekk • vetrardekk • þjónustuskoðanir dekkjaskipti • olíuskipti • hefðbundið viðhald • 2.000 km á mánuði.

**Þú færð alþrif á bílnum einu sinni í mánuði**

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 554 6040 • atak@atak.is • www.atak.is

**30%** 30% afsláttur af fyrsta mánuðinum

**10 þús. kr.** 10.000 kr. inneign á eldsneyti hjá Olís



átak BÍLALEIGA

# Stundum hógvær, stundum ögrandi. En alltaf Golf.



Volkswagen Golf hefur verið einn vinsælasti bíll á Íslandi í mörg ár og ekki að ástæðulausu. Hann er glæsilegur í alla staði, rúmgóður, öruggur og á frábæru verði. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða Golf þér líkar best.

## Trendline

verð frá **3.190.000 kr.**

- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Þokuljós með beygjulýsingu í framstuðurum
- Rafmagnshitaðir og stillanlegir hliðarspeglar
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Hæðarstillanlegt framsæti
- Hiti í sætum
- Rafdrifnar rúður
- Loftkæling
- App Connect fyrir Mirror Link, Android Auto og Apple Car Play
- Composition Media margmiðlunartæki með 6,5" snertiskjá
- Bluetooth búnaður fyrir síma

## Comfortline

verð frá **3.690.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Trendline:**

- Bakkmyndavél
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Hiti í stýri
- Dökkar rúður að aftan
- Comfort sæti með „Dessin Storm“ áklæði
- Viðvörunarkerfi ökumanns
- Skíðalúga í aftursætum með 2 glasahöldurum
- 15" Lyon álfelgur 195/65 R15

## Highline

verð frá **3.990.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**

- Sportsæti með Alcantara áklæði
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- „Piano Black“ innlegg í innréttingu
- Króm í neðra grilli
- Lyklalaust aðgengi og ræsing
- Sóllúga
- 16" Dover álfelgur 205/55 R16

## R-Line

verð **4.190.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**

- Sportsæti
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- Sóllúga
- Xenon ljós með LED dagljósum
- R-Line útlit
- 17" Dijon álfelgur með sportfjöðrun 225/45 R17

**Volkswagen**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




Þú bókar flugsæti og gistingu og fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði.

Flugsæti eingöngu **kr. 39.990**

**Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði – verð getur hækkað án fyrirvara.**

Stökktu + | Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi / stúdíó / íbúð. Kr. 59.995 í 11 nátta ferð

Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Tröllakór 6 -10 - Kópavogi**
**3ja herbergja íbúð á jarðhæð**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Afar falleg 117,4 fm. íbúð á jarðhæð við Tröllakór. Íbúðin er öll hin vandaðasta að innan. Granít á eldhúsborðum. Vönduð gólfefni. Útgengi á um 30 fm. afgirtan sólpall sem snýr til suðvesturs. Bílastæði í bílakjallara fylgir eigninni. Innangengt er úr bílakjallara í íbúð á sömu hæð. **Vel staðsett íbúð, stutt í skóla, íþróttir og verslun. Verð 41,9 millj.Verið velkomin.**

**Barmahlíð 46**
**4ra herbergja neðri sérhæð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Björt og falleg 97,4 fm. neðri sérhæð auk tveggja geymslna 3,4 fm og 15,8 fm í Hlíðunum. Búið er að endurnýja m.a. baðherbergi, gólfefni og raflagnir ásamt þaki og þakkanti. Svalir til suðurs út af borðstofu. Tvö herbergi. **Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu og skóla á ýmsum stigum. Verð 44,9 millj. Verið velkomin.**


## Mótmæla drápum lögreglunnar



Mótmælandi frá Kasmír lenti í átökum við indversku lögregluna í gær. Maðurinn mótmælti drápum indversku lögreglunnar á almennum borgurum í uppreisn í Srinaga. Yfir sjötíu almennir borgarar hafa verið vegnir af indverskum yfirvöldum. Myndin minnir óneitanlega á frægt vegglistaverk Banksy. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Mikilvægt að fræða en ekki hræða um tælingu

**Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla hvetur foreldra til að taka samtalið um ókunnuga sem reyna að tæla börn í bíla. Ekki vera feimin eða með tepruskap án þess þó að mála skrattann á vegginn. Efla þurfi gagnrýna hugsun hjá börnum.**

**LÖGREGLUMÁL** Að meðaltali berast til lögreglunnar fjörutíu til fimmtíu tilkynningar á ári um tælingu barna.

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, segir mikilvægt að ræða hætturnar við börnin. Á heimasíðu samtakanna má finna gátlista með góðum ráðum um hvernig hægt sé að nálgast umræðuefnið.

„Fjölbreytt og hreinskilin fræðsla er besta forvörnin,“ segir Hrefna og hvetur foreldra til að gefa sér góðan tíma til umræðna. „Foreldrar þurfa að vera yfirvegaðir og undirbúa sig hvernig þeir svara alls kyns spurningum. Þetta má ekki gera í látum eða mála skrattann á vegginn.“

Í gær barst lögreglu tilkynning um mann sem reyndi að tæla níu ára dreng upp í bíl með því að segja honum að mamma hans hefði lent í umferðarslysi. Barnið hljóp í burtu og tilkynnti atvikið. Slík lygasaga getur sannarlega valdið uppnámi hjá börnum með þeim afleiðingum að þau fari inn í bíl hjá ókunnugum.

Í Bandaríkjunum og víðar er algengt að foreldrar og börn hafi leyniorð sín á milli til að taka af allan vafa í svona aðstæðum. Hrefna segist ekki vita til þess að slíkt sé algengt á Íslandi. Hún segir best og öruggast að höfða til skynseminnar og efla gagnrýna hugsun hjá börnum.

„Það þarf að útskýra fyrir þeim að ef eitthvað kemur fyrir eða foreldrar geta ekki sótt þau í skólann þá myndi einhver í skólanum eða þeim nákominn láta þau vita, ekki einhver ókunnugur. Í þessu samhengi er mikilvægt að útskýra fyrir börnum hvað það þýðir að vera ókunnugur.“

Hrefna segir góða leið að æfa alls kyns aðstæður með leikþætti þar sem barnið er látið spreyta sig í viðbrögðum. Slíkar æfingar búi ekki til ótta heldur einmitt öryggi enda megi ekki gleyma því að börn vita oft meira en við höldum.

„Krakkar fylgjast með fréttum og verða mun hræddari ef enginn útskýrir fyrir þeim hvað hafi gerst. Það er betra að fá réttar upplýsingar og læra hvernig eigi að bregðast við en að ímynda sér mun verri og hræðilegri hluti.“ **erlabjorg@frettabladid.is**

### Tilkynningar um að reynt sé að tæla barn upp í bíl









## FRUMSÝNINGARTILBOÐ TIL 12. SEPTEMBER

Nú stendur yfir frumsýning á glæsilegri bílalínu Peugeot. Af því tilefni eru glæsileg frumsýningartilboð til 12. september. Komdu í nýjan sýningarsal Peugeot að Bíldshöfða 8 og kynntu þér málið. Peugeot bílar eru að sjálfsögðu einnig í boði hjá Brimborg Akureyri, Tryggvabraut 5.

**Lægra varahlutaverð og öflug verkstæðisþjónusta.** Auk lægra bílverðs hefur Brimborg hafið innflutning á varahlutum í Peugeot bíla og náð að lækka varahlutaverð með hagstæðum innkaupum beint frá framleiðanda. Brimborg býður jafnframt verkstæðisþjónustu og ábyrgðarviðgerðir fyrir alla Peugeot bíla, hvort sem þeir eru fluttir inn af Brimborg eða öðrum.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Brimborg og Peugeot áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Bókunum fækkar vegna hryðjuverka í Evrópu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ferðabókunum til landa á borð við Tyrkland og Frakkland, sem hafa lent í hryðjuverkaárásum á síðastliðnu ári, fer verulega fækkandi.

BBC greinir frá því að spáð sé að bókanir til Tyrklands milli september og desember á árinu verði 52 prósentum færri en á sama tímabili árið áður. Því er spáð að á sama tímabili muni bókunum til Frakklands fækka um tuttugu prósent.

Rannsóknir benda til þess að ferðamenn sæki til Spánar, Ítalíu og Portúgals í stað Tyrklands og Frakklands. Á fyrstu sjö mánuðum ársins fjölgaði flugsætum frá Bretlandi til Spánar um 19 prósent samanborið við sama tímabil árið áður, og um tólf prósent til Portúgals.

**Erlendum farþegum hefur fækkað um 7,5 prósent í París milli ára**

Erlendum farþegum hefur fækkað um 5,4 prósent í Frakklandi milli ára, og um 7,5 prósent í París, þar sem hryðjuverkaárásir voru gerðar bæði í janúar og nóvember árið 2015. Bókunum til Tyrklands hefur fækkað um fimmtán prósent milli ára vegna nokkurra hryðjuverkaárása og tilraunar til valdaráns.

Á hinn bóginn virðast ferðamenn vera að leita til Túnis aftur eftir að alþjóðlegum farþegum fækkaði um 39,4 prósent á síðasta ári í kjölfar mannskæðra hryðjuverkaárása þar. **– sg**



52% færri ferðamenn munu koma til Tyrklands.










**Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, bauð Sigrúnu Rögnu Ólafsdóttur, fráfarandi forstjóra VÍS, velkomna í Kauphöllina þegar fyrirtækið var skráð á markað árið 2013.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stjórnir lagi kynjahalla hjá Kauphallarfélögum

**Eina konan í starfi forstjóra félags í Kauphöll Íslands hætti í gær. Forstjóri Kauphallarinnar segir það stjórna að laga kynjahalla meðal æðstu stjórnenda. Stjórnarformaður VÍS vill jafnari kynjahlutföll en horfa verði á hvert tilfelli fyrir sig.**

**VIÐSKIPTI** Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir að það sé stjórna fyrirtækja að marka stefnu og jafna kynjahlutföll meðal æðstu stjórnenda fyrirtækja á Íslandi.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, eina konan sem gegndi stöðu forstjóra félags í Kauphöllinni, lét af störfum sem forstjóri VÍS í gær. Jakob Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Promens, tekur við starfinu.

„Boltinn er hjá stjórnum fyrirtækjanna. Án þess að vera að tjá mig um einstaka fyrirtæki geta, almennt séð, ekki verið nein vandkvæði að finna hæft fólk af hvoru kyninu sem er í þessar stjórnunarstöður,“ segir Páll.

Páll bendir á að átak hafi verið gert til að jafna kynjahlutföllin í stjórnum fyrirtækja, meðal annars með lagasetningu, en atvinnulífið hafi tekið þátt í því af miklum þunga og nú sé stjórna að taka við.

„Ég sé í fljótu bragði ekkert sérlega flókið við að leysa þetta mál. Það er ekkert vandamál að ráða hæfar konur. En það þarf líka að skapa umhverfi þar sem bæði kynin og mismunandi karakterar með mismunandi styrkleika geti blómstrað.“

Stjórn félags kvenna í atvinnulífinu gagnrýndi það sem þær kalla núll prósent kynjafjölbreytileika meðal forstjóra Kauphallarfyrirtækja. „FKA vill beina þeim tilmælum til eigenda hlutabréfa á hlutabréfamarkaði svo sem lífeyrissjóða og annarra á markaði að varðveita markmið atvinnulífsins að byggja upp fjölbreyttan stjórnendahóp,“ sagði í tilkynningu frá félaginu.

„Auðvitað myndi ég vilja sjá fleiri konur í skráðum félögum á markaði á Íslandi. En staðan er auðvitað þessi að við skoðum einstaklinga og ráðum þann sem við teljum hæfastan í það verkefni,“ segir Herdís Fjeldsted, stjórnarformaður VÍS.

Afkoma VÍS hefur valdið vonbrigðum að undanförnu. Herdís segir það ekki einu ástæðuna fyrir mannabreytingunni. Stjórn fyrirtækisins hafa talið þetta góðan tímapunkt til að skipta um forstjóra og mikill fengur sé að því að fá Jakob í starfið. **ingvar@frettabladid.is**

## Löturhæg þróun í átt að jafnrétti



Hildur Petersen, fyrrverandi forstjóri Hans Petersen, varð fyrsta konan til að gegna starfi forstjóra félags sem skráð var í Kauphöll Íslands. Hildur, sem nú er framkvæmdastjóri Hundahólma, segir erfitt að henda reiður á hvers vegna svo fáar konur komist í forstjórastól fyrirtækja á Íslandi.

„Konur eru með menntunina en það er einhvern veginn eitthvert glerþak sem stöðvar þær,“ segir Hildur.

Þó kveður Hildur átak Félags kvenna í atvinnulífinu til að auka hlut kvenna meðal stjórnenda í atvinnulífinu hafa skilað einhverjum árangri.

„Þetta hefur allt mjakast upp á við en auðvitað afskaplega löturhægt,“ segir Hildur Petersen.

> **Það er ekkert vandamál að ráða hæfar konur.**
>
> Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands

# Fari ekki í fangelsi fyrir fíkniefnaneyslu

**LÖGREGLUMÁL** Refsing fyrir vörslu og meðferð á neysluskömmtum ólöglegra vímuefna verður bundin við sektir, nái tillögur starfshóps heilbrigðisráðherra fram að ganga. Hópurinn hafði það hlutverk að móta stefnu til að draga úr skaðlegum áhrifum vímuefnaneyslu.

Nefndin segir í rökstuðningi með tillögunni að um árabil hafi sú venja mótast við framkvæmd laga um ávana- og fíkniefni að þeim sé lokið með sekt þegar talið er víst að magn haldlagðra efna sé til eigin neyslu. Engu að síður er enn gert ráð fyrir því í lögum að hægt sé að dæma menn í fangelsi fyrir slík brot. Starfshópurinn leggur til að lögum verði breytt svo þau verði í takt við það hvernig þeim hefur verið framfylgt. Hópurinn tekur fram að sérstaklega þurfi að fylgjast með hvort breytingin leiði til breyttra söluaðferða og dreifingar vímuefna og áhættumat verði gert á áhrifum lagabreytingarinnar.

Fulltrúi Ríkislögreglustjóra í starfshópnum leggst gegn breytingunni.

Þá leggur starfshópurinn til að brot fyrir vörslu á fíkniefnum fari ekki á sakaskrá ef sektin við brotinu er lægri en 100 þúsund krónur.

Tillögur hópsins snúa ekki einungis að því að breyta lögum til þess að draga úr refsinæmi vímuefnaneyslu. Þar eru líka tillögur um þjónustu og úrræði sem hafa þann tilgang að draga úr heilsufarslegum, félagslegum og efnahagslegum afleiðingum notkunar löglegra og ólöglegra vímuefna án þess endilega að draga úr vímuefnanotkun. Þá eru líka tillögur um að efla meðferðarúrræði fyrir fólk í mesta vandanum og tillögur til að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur í forvarnarstarfi.

Starfshópurinn, undir forystu Borgars Þórs Einarssonar lögfræðings, hefur unnið að skýrslunni frá árinu 2014. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verður skýrslan kynnt á Alþingi í dag. **– jhh**



**Þeim sem sprauta vímuefnum í æð sé tryggð gjaldfrjáls nálaskiptaþjónusta.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

RENAULT
Passion for life

# Renault CAPTUR
# GULLFALLEGUR



E F
**„ÞÚTANKAR SJALDNAR Á RENAULT"**

ENNEMM / SÍA / NM76808

**Verð: 2.940.000 kr.**
**CAPTUR Expression**
Bensín, beinskiptur
**Eyðsla 5,1 l/100 km***

**Verð: 3.590.000 kr.**
**CAPTUR Dynamic**
Dísil, sjálfskiptur
**Eyðsla 3,8 l/100 km***

Innifalið í verði Dynamic: 17" álfelgur, lykillaust aðgengi, tvílitur, skyggðar rúður, leiðsögubúnaður með Íslandskorti, tölvustýrð loftkæling, LED dagljós, bakkskynjarar, handfrjáls símabúnaður (Bluetooth), start/stopp ræsibúnaður, regnskynjarar á rúðuþurrkum.

**Bílalán 45.098 kr. á mán. m.v. 10% innborgun.****

**Bílalán 55.041 kr. á mán. m.v. 10% innborgun.****

**Mánaðarlegar afborganir af bílaláni í 84 mánuði samkvæmt fjármögununar reiknivél Lykill.is. Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara. Gengið frá fjármögnun á staðnum. Árleg hlutsfallstala kostnaðar 11,39%.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Vilja að flóttamenn sæki um hæli í Bretlandi frá Frakklandi

Umsjónarmaður flóttamannabúða við Ermarsund vill að flóttamenn geti sótt um hæli í Bretlandi þótt þeir séu staddir í Frakklandi. Forsetaframbjóðandi hefur lýst yfir stuðningi við hugmyndina. Fyrrverandi sendiherra Breta í Frakklandi segir hana munu auka á vandann. Um níu þúsund flóttamenn eru í Calais.

**FRAKKLAND** Flóttamenn sem búa í flóttamannabúðum við frönsku borgina Calais við Ermarsund ættu að mega sækja um hæli í Bretlandi þótt þeir séu staddir í Frakklandi. Þetta er mat Xavier Bertrand, umsjónarmanns búðanna. Þar að auki ættu Bretar að fá að færa vegabréfaeftirlit sitt frá landamærunum og til Calais. Til þess að það væri hægt þyrfti að gera breytingar á Touquet-sáttmálanum, sáttmála á milli Frakka, Belga og Breta um landamæraeftirlit við Ermarsund. Bertrand greindi frá mati sínu í viðtali við BBC. Segir hann að ef hægt væri að sækja um hæli í Bretlandi frá Frakklandi myndu Frakkar geta vísað þeim sem Bretar neita um hæli beint úr landi til heimalands síns.

Breska innanríkisráðuneytið telur hins vegar að flóttamenn eigi að sækja um hæli í fyrsta örugga landi sem þeir komast til líkt og Dyflinnarreglugerðin kveður á um.

Um níu þúsund flóttamenn búa nú í Frumskóginum, flóttamannabúðum í Calais, og á hverju kvöldi reyna flóttamenn að komast hjá vegabréfaeftirliti á landamærum Bretlands og Frakklands með því að fela sig til dæmis í sendibílum. Bertrand vonar að með tilfærslu vegabréfaeftirlits myndi það vandamál að mestu leysast.

Sjálfur hefur Bertrand ekki vald til þess að framkvæma hugmyndir sínar. Hins vegar gætu ráðamenn landanna komið breytingunum á. Forsetaframbjóðandinn franski, Nicolas Sarkozy, hefur til að mynda lýst yfir stuðningi sínum við áformin.

„Þeir sem eru hér í Calais og vilja fara yfir til Englands ættu að sækja um hæli sem fyrst og Englendingar ættu að úrskurða í málum þeirra,“ sagði Sarkozy um helgina.



Íbúi Frumskógarins gengur fram hjá kömrum sem þar má finna. NORDICPHOTOS/AFP

> Þeir sem eru hér í Calais og vilja fara yfir til Englands ættu að sækja um hæli sem fyrst.
>
> Nicolas Sarkozy, forsetaframbjóðandi og fyrrverandi forseti



Peter Ricketts, fyrrverandi sendiherra Breta í Frakklandi, lýsti sig hins vegar andvígan hugmyndunum í viðtali við BBC. Hann sagði að þær myndu þýða aukinn flóttamannastraum bæði til Frakklands og Englands. Hundruð þúsunda flóttamanna væru nú að koma til Grikklands og Ítalíu en aðeins brot af þeim kæmi til Calais.

„Um leið og þú stingur upp á því myndast stór segull sem togar þúsundir á þúsundir ofan til Calais sem reyna svo að fá hæli í Bretlandi,“ sagði Ricketts og bætti við: „Ég held að það myndi ekki hjálpa Frökkum að kljást við vandamálið. Ég held að þessar hugmyndir myndu auka á vandann, nær örugglega.“

Samkvæmt heimildum BBC hyggst innanríkisráðherrann Amber Rudd ferðast til Parísar, höfuðborgar Frakklands, í vikunni til að ræða mögulegar breytingar á Touquet-sáttmálanum.

thorgnyr@frettabladid.is

### Frumskógurinn í tölum

**9.106** búa nú í flóttamannabúðum í Calais sem kallast Frumskógurinn

**5.178** bjuggu í sömu búðum í maí

**10.000** er áætlaður fjöldi íbúa í næsta mánuði

**8** hið minnsta hafa látið lífið í eða við búðirnar á árinu

**24** hið minnsta létu lífið í eða við búðirnar í fyrra



Flóttamenn við komuna til Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fleiri hætta við hælisumsókn

**SVÍÞJÓÐ** Sífellt fleiri flóttamenn iðrast nú komu sinnar til Svíþjóðar. Það sem af er árinu hafa 4.500 flóttamenn dregið hælisumsókn sína til baka miðað við 3.800 allt árið í fyrra. Samkvæmt Dagens Nyheter eru hertar reglur og löng bið meðal ástæðnanna.

Meðal Íraka, sem eru þriðji stærsti hópur hælisleitenda á eftir Sýrlendingum og Afgönum, hafa rúmlega 2.000 dregið umsókn sína um hæli til baka. .

Í fyrra komu 51.338 hælisleitendur frá Sýrlandi til Svíþjóðar, 41.564 frá Afganistan og 20.857 frá Írak. **– ibs**

## Segir samvisku sína vera hreina

**BRASILÍA** Dilma Rousseff, forseti Brasilíu, sagðist í gær saklaus af öllum ásökunum. Hún var sett tímabundið af á dögunum, grunuð um að hafa falsað tölur í fjárlögum Brasilíu til að fela rekstrarhalla ríkisins. „Samviska mín er algjörlega hrein. Ég hef ekki framið neinn glæp,“ sagði Rousseff í gær þegar öldungadeild Brasilíuþings réttaði yfir henni.

Þingmenn munu kjósa um það síðar í vikunni hvort eigi að reka Rousseff endanlega úr embætti eða skipa hana í embætti á ný.

Rousseff hóf vörn sína á því að minna þingmenn á að hún hafi verið endurkjörin árið 2014 með atkvæðum rúmlega 54 milljóna kjósenda. Hún sagðist þá alltaf hafa haft stjórnarskrána að leiðarljósi og minnti á fortíð sína sem baráttumaður gegn herforingjastjórninni sem réð ríkjum frá 1964 til 1985. **– þea**


Birting lýsingar Alda Credit Fund slhf.

Alda Credit Fund slhf., kt. 531114-0510, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Íslandi hefur birt lýsingu vegna umsóknar um töku skuldabréfa sem útgefin eru af félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Lýsingin er á íslensku og er birt á rafrænu formi á vef Alda Credit Fund slhf. www.acfslhf.is. Fjárfestar geta einnig nálgast útprentuð eintök af lýsingunni sér að kostnaðarlausu hjá Alda Credit Fund ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Sótt hefur verið um töku skuldabréfa í flokknum ACF 15 1 að nafnverði 3.340.000.000 krónur til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Nasdaq Iceland hf. mun birta tilkynningu um töku skuldabréfanna til viðskipta og hvenær viðskipti með þau geti hafist með a.m.k. eins viðskiptadags fyrirvara.

Reykjavík, 30. ágúst 2016




MedEye lyfjaöryggiskerfið í notkun. MYND/MINT SOLUTIONS

## Búið að setja hátt í 1.400 milljónir í Mint Solutions

**VIÐSKIPTI** Íslensk-hollenska hátæknifyrirtækið Mint Solutions hefur tilkynnt um 650 milljóna króna fjárfestingu sem gerir fyrirtækinu kleift að hraða markaðssetningu og innleiðingu lyfjaöryggiskerfisins MedEye á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum í Evrópu og í Bandaríkjunum. Fjárfesting í fyrirtækinu er samtals rétt um 10,4 milljónir evra, jafnvirði 1.360 milljóna króna og verða stærstu einstöku hluthafarnir eftir þessa síðustu umferð LSP og Seventure.

Fjármagnið kemur frá hópi fjárfesta undir forystu BOM Capital í Hollandi og tveggja núverandi hluthafa, LSP og Seventure Partners, ásamt Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og íslenskum einkafjárfestum.

Mint Solutions var stofnað á Íslandi árið 2009 og hefur síðan þá unnið að þróun lyfjaöryggiskerfisins MedEye. Kerfið stórbætir lyfjaöryggi á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum með því að gera hjúkrunarfræðingum kleift að skanna öll lyf sjúklinga, rétt áður en þau eru gefin. Þannig er tryggt að lyfjagjöf sé í samræmi við lyfseðil og fyrirmæli lækna.

Öll þróunarvinna fer fram á Íslandi. Fyrirtækið er nú með 18 starfsmenn, níu hér á landi og níu í Hollandi, sem er stærsti markaður þess. Með fjárfestingunni stefnir Mint Solutions á frekari landvinninga á alþjóðlegum mörkuðum, m.a. í Belgíu, Bretlandi og Bandaríkjunum. **– sg**




ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ný kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína og endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Ford Focus er búinn margverðlaunuðu EcoBoost vélinni sem hefur verið valin vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð. ◆ Ford Focus, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur/sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/5,5 l/100 km. $CO_2$ losun 108/125 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## 86.761



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Erfitt er að sjá hvernig það stenst 76. gr. stjórnarskrárinnar að langt leiddur krabbameinssjúklingur þurfi að greiða mörg hundruð þúsund krónur fyrir eigin meðferð á Landspítalanum. Þetta er vegna fyrirbæris sem kallast „kostnaðarhlutdeild sjúklinga“.

Það má í raun kalla þetta hvað sem er. Það breytir því ekki að þetta er bæði siðferðislega og lögfræðilega rangt á Íslandi. Á Íslandi á stjórnarskráin að tryggja að sjúkum og meiddum sé hjúkrað til heilsu á kostnað okkar allra. Það er hluti af því að vera Íslendingur. Það er í raun dálítið athyglisvert að þeir sjúklingar sem hafa þurft að greiða mörg hundruð þúsund króna hlutdeild í eigin meðferð á Landspítalanum eða annars staðar í kerfinu hafi ekki látið reyna á rétt sinn fyrir dómstólum.

Þessi vitund samhjálpar og stuðnings meðbræðra er inngróin í vitund Íslendinga allt síðan í íslenska þjóðveldinu. Hrepparnir pössuðu upp á fjárstyrk þegar bærinn brann. Á Íslandi hefur hins vegar skiðlogað í bænum um langa hríð og slökkvistarfið hefur gengið illa. Það er ekki síst af þessari ástæðu sem 86.761 Íslendingur lagði nafn sitt við undirskriftasöfnun Kára Stefánssonar á vefnum endurreisn.is

Kári lagði til fjármála- og efnahagsráðherra með sverði úr þungmálmum í texta sem hann sendi frá sér um síðustu helgi. Ekki skal vikið að lýsingum Kára á ráðherranum hér heldur hinni efnislegu kröfu sem sett var fram. Kári virðist telja það svik að í fimm ára stefnu í ríkisfjármálum séu útgjöld ekki aukin til heilbrigðiskerfisins í samræmi við gefin loforð. Krafan í söfnuninni var að Alþingi myndi tryggja að útgjöld ríkisins til heilbrigðiskerfisins næmu 11 prósentum af landsframleiðslu. Þetta þýðir aukningu upp á 50 milljarða króna á ári. Hversu raunhæft er að gera kröfu um slíkt?

Hinn 16. júní á þessu ári samþykkti Alþingi lög um breytingar á lögum um sjúkratryggingar sem mun setja þak á útgjöld þeirra sem borga hlutdeild í eigin meðferð en lögin taka gildi 1. janúar næstkomandi. Þakið er hvergi tilgreint í lögunum og kostnaðarhlutdeild sjúklinga verður áfram til staðar en hámark hennar er ákveðið með reglugerð sem ráðherra setur. Fram kemur í umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarpið áður en það varð að lögum að kostnaður ríkissjóðs við að gera heilbrigðisþjónustu, sem lögin fjalla um, gjaldfrjálsa er eingöngu um 6,5 milljarðar króna. Það er ekkert sérstaklega há fjárhæð. Í raun eru þessi lög ekki sú gríðarlega stefnubreyting sem heilbrigðisráðherra vill meina að þau séu. Ef ráðherrann festir þakið í einni krónu gæti næsti ráðherra alltaf hækkað það. Þá á sjúklingurinn enga vörn í settum lögum. Það þarf að verða eitt af forgangsverkefnum næsta þings að taka þetta til enn frekari endurskoðunar og afleggja hlutdeildina með lögum. Eða festa þakið í lögin sjálf.

Heilbrigðisþjónusta fyrir börn ætti síðan að vera gjaldfrjáls, þar með taldar tannlækningar og sálfræðiþjónusta. Meirihluti nefndar heilbrigðisráðherra taldi sér ekki fært að stíga slíkt skref þótt rökstuðninginn fyrir því skorti. Það ætti að verða næsta mál á dagskrá þegar þakið hefur verið lögfest.

> **Hrepparnir pössuðu upp á fjárstyrk þegar bærinn brann. Á Íslandi hefur hins vegar skiðlogað í bænum um langa hríð og slökkvistarfið hefur gengið illa.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Stórsmölun hjá VG**
**Héraðsmiðillinn Skessuhorn greinir frá því að Vinstri grænum hafi fjölgað um 650 í Norðvesturkjördæmi á síðustu dögum í tengslum við forval flokksins. Það er líklega ein umfangsmesta smölun sem átt hefur sér stað í flokkinn en árið 2013 kusu 139 í forvali. Heimildir Fréttablaðsins herma að ástæðan fyrir smölun sé framboð Bjarna Jónssonar, sem er sonur Jóns Bjarnasonar, fyrrum ráðherra, í fyrsta sæti listans. Mikill titringur er innan flokksins vegna framboðsins því hann þykir eiga möguleika á að velta Lilju Rafneyju þingmanni úr sæti sínu. Þegar atkvæði verða talin kemur í ljós hvort þessi 650 atkvæði séu Lilju eða Bjarna.**

**Kosningaspá Styrmis**
**Styrmir Gunnarsson, fyrrum ritstjóri, birti áhugaverða kosningaspá á vefsíðu sinni í gær. Þar segir að Íslenska þjóðfylkingin muni sækja að Sjálfstæðisflokknum frá hægri og Viðreisn frá vinstri. Samfylking og Björt framtíð þurfi að verjast ásókn frá Viðreisn en einnig muni VG taka frá Samfylkingu. Vinstri græn muni standa álengdar óáreitt en einnig sækja fylgi til Framsóknar á landsbyggðinni. Kosningaspáin er rétt að miklu leyti en líklegra er þó að kjósendur Framsóknar frá síðustu kosningum kjósi Þjóðfylkinguna nú. Þeir flokkar virðast eiga meiri samleið.**
snaeros@frettabladid.is

## Mannsæmandi eftirlaun



Oddný G. Harðardóttir
formaður Samfylkingarinnar

Við Íslendingar erum rík þjóð. Svo rík að allir ættu að búa við þokkaleg kjör á öllum stigum lífsins. Þrátt fyrir það horfum við á fólkið okkar nálgast efri ár vitandi að sumra bíður að lifa á eftirlaunagreiðslum sem ekki nægja fyrir nauðsynjum eða mannsæmandi lífi. Þessu ætlum við að breyta.

Í sumar hef ég átt bæði áhugaverða og góða fundi með baráttufólki fyrir betri stöðu eldri borgara. Við töluðum um vandamálin og tækifærin fram undan. Annars vegar þarf að laga slæma stöðu þeirra sem eiga í fjárhagserfiðleikum, en það þarf líka að huga að þeim sem komnir eru á eftirlaunaaldur en búa við góða heilsu og kost. Báðir hópar krefjast breytinga.

Við ætlum að sjá til þess að eftirlaun hækki í skrefum upp í 300.000 kr. mánaðargreiðslur að lágmarki. En það er ekki nóg eitt og sér. Því til viðbótar ætlum við að koma á sveigjanlegum starfslokum svo að þeir sem hafa til þess löngun og getu megi vinna lengur en nú. Það þarf líka að einfalda kerfið sem ákvarðar greiðslurnar. Í dag er of flókið að skilja útreikningana og fólk á þar leiðandi í erfiðleikum með að gæta réttar síns. Svokallaðar krónu á móti krónu skerðingar munum við afnema. Í stuttu máli ætlum við að gera þetta:

- Hækka lágmarksgreiðslur.
- Greiða út hækkun frá 1. maí í ár.
- Koma á sveigjanlegum starfslokum.
- Einfalda almannatryggingakerfið.
- Afnema krónu á móti krónu skerðingar.

Við höfum efni á þessum breytingum og getum hafist handa strax. Nýtt og einfaldara kerfi, hækkun lágmarksgreiðslna í átt að 300.000 kr. lágmarki og afturvirkar greiðslur frá 1. maí í ár – líkt og lagt var til við síðustu fjárlagagerð en stjórnarliðar felldu – kostar ríkissjóð samtals um það bil 15 milljarða króna. Það er vel viðráðanlegt.

Með réttlátari skiptingu þjóðarkökunnar er þetta allt mögulegt. Það er forgangsmál að sýna eldra fólki þá virðingu sem það á skilið eftir langa starfsævi og tryggja því betri kjör.

> **Við ætlum að sjá til þess að eftirlaunin hækki í skrefum upp í 300.000 kr mánaðargreiðslur að lágmarki. En það er ekki nóg eitt og sér.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Hugvit leyst úr höftum



Frosti Ólafsson
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

Fáar skýrslur hafa haft jafn mikil áhrif á efnahagsumræðu hér í landi og skýrsla McKinsey & Company „Charting a Growth Path for Iceland“ sem kom út árið 2012. Hlutleysi einkenndi skýrsluna en fyrirtækið vann hana án afskipta innlendra aðila og án endurgjalds. Að mati McKinsey fólust helstu sóknarfæri Íslendinga í aukinni framleiðni og hugvitsdrifnum útflutningi. Skilaboðin náðu áheyrn víða og hafa verið til umræðu síðustu ár.

Í síðustu viku gaf Viðskiptaráð út rit undir heitinu „Leiðin að aukinni hagsæld“. Þar er lagt mat á efnahagslega framvindu frá því að McKinsey-skýrslan var gefin út og helstu greiningar hennar uppfærðar. Sterkur hagvöxtur hefur einkennt síðastliðin fjögur ár en ólíkt því sem McKinsey lagði áherslu á má einkum rekja hagvöxtinn til aukins vinnuframlags fremur en vaxandi framleiðni. Með öðrum orðum er verðmætasköpun á hverja vinnustund ekki að aukast.

**Alþjóðageirinn hefur átt undir högg að sækja**

McKinsey benti jafnframt á að takmarkað eðli náttúruauðlinda reisi vaxtarmöguleikum þeirra útflutningsgreina sem tilheyra auðlindageiranum skorður, þ.e. ferðaþjónustu, orkufrekum iðnaði og sjávarútvegi. Því þurfi að efla útflutning sem byggir ekki á beinu aðgengi að náttúruauðlindum heldur marki samkeppnisstöðu sína á hugviti og sérhæfingu. Umrædd fyrirtæki spretta oft á tíðum upp innan auðlindageirans í gegnum vörur og þjónustulausnir sem nýtast fleiri þjóðum en Íslandi. Að mati McKinsey ætti þessi hluti hagkerfisins, sem nefndur var alþjóðageirinn, að standa undir stigvaxandi hlutfalli af útflutningstekjum á komandi áratugum. Aðeins þannig væri unnt að skapa bæði kröftugan og sjálfbæran hagvöxt til margra áratuga.

Alþjóðageirinn hefur hins vegar átt undir högg að sækja og nánast ekkert vaxið frá árinu 2011. Á sama tíma hefur sterkur vöxtur ferðaþjónustunnar knúið hagkerfið áfram og stuðlað að þeim mikla efnahagslega viðsnúningi sem Íslendingar hafa upplifað undanfarin ár. Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur reynst mikill búhnykkur en til lengri tíma er brýnt að útflutningur byggi á fleiri stoðum. Til að svo megi verða þarf innlent rekstrarumhverfi að standast alþjóðlegan samanburð.

**Til að tryggja kröftugan útflutningsvöxt til lengri tíma, sem byggir jafnframt á fjölbreyttum grunni, er mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga og að fullt afnám hafta fylgi í náinni framtíð.**

**Loksins, loksins**

Höft á fjármagnsflæði og gjaldeyrisviðskipti hafa verið helsti þrándur í götu alþjóðageirans frá hruni bankakerfisins. Alþjóðageirinn óx um 8% á ári yfir það 15 ára tímabil þar sem frjálst flæði fjármagns ríkti en frá því höftum var komið á hefur vöxturinn horfið. Að mati undirritaðs ræður skert aðgengi innlendra nýsköpunarfyrirtækja að erlendum fjárfestum og fjármálamörkuðum þar mestu. Þannig hafa gjaldeyrishöft að miklu leyti staðið í vegi fyrir erlendum samstarfsverkefnum, yfirtökum og annarri viðskiptaþróun. Allt eru þetta grundvallarþættir í þroskaferli þeirra fyrirtækja sem sækja á alþjóðlegan markað með vörur sínar og þjónustu.

Í þessu ljósi er frumvarp um losun hafta stórt og tímabært skref fyrir framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Íslandi. Heimild innlendra fyrirtækja til beinnar erlendrar fjárfestingar er þar sérstakt fagnaðarefni. Til að tryggja kröftugan útflutningsvöxt til lengri tíma, sem byggir jafnframt á fjölbreyttum grunni, er mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga og að fullt afnám hafta fylgi í náinni framtíð. Samhliða öðrum umbótum í rekstrarumhverfi innlendra fyrirtækja skapast þannig sterkar forsendur fyrir kröftugum og sjálfbærum hagvexti til lengri tíma. Í slíkum áherslum felst leiðin að aukinni hagsæld á Íslandi.

# Af búvörusamningum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks



Lilja Rafney Magnúsdóttir
þingmaður VG og nefndarmaður í atvinnuveganefnd Alþingis



Stjórnmálamenn og bændur eiga það sameiginlegt í störfum sínum að ótalmargt þarf að koma til svo að endanleg útkoma erfiðisins verði ásættanleg. Íslenskir bændur standa frammi fyrir meiri áskorunum af völdum náttúruaflanna en flestir erlendir starfsbræður þeirra en ná samt að framleiða landbúnaðarafurðir á heimsmælikvarða. Þessa dagana sitja þingmenn yfir tillögum hægristjórnarinnar að búvörusamningum við bændur. Þar gerum við í VG kröfu um að jafnvægi náist á milli hagsmuna bænda og neytenda, dýravelferðar og sjálfbærrar landnýtingar. Því miður vantar nokkuð upp á að uppskeran á þingi standi undir væntingum.

Fyrir skemmstu lagði Bolli Héðinsson, hagfræðingur og kennari, krók á leið sína í aðsendum pistli í Fréttablaðinu til að setja Vinstrihreyfinguna – grænt framboð undir sama hatt og stjórnarflokkana tvo. „Gróðureyðing í boði VG, Sjálfstæðis og Framsóknar“ er yfirskrift pistils Bolla þar sem hann varar við neikvæðum umhverfisáhrifum nýrra búvörusamninga, sem hann segir flokkana þrjá styðja.

Við þetta er það að helst að athuga að þingmenn Vinstri grænna hafa ekki sagt að þeir styðji búvörusamningana, en við höfum verið reiðubúin að skoða hvaða breytingar til bóta er hægt að gera á þeim.

Búvörusamningurinn sem Alþingi hefur nú til meðferðar er samningur hægriflokkanna við bændur, unninn án þess breiða pólitíska samráðs sem eðlilegra hefði verið í jafn umfangsmiklu máli. Vinstri græn komu fyrst að borðinu þegar samningunum var vísað til atvinnuveganefndar Alþingis, þar sem málið er nú til umræðu. Í störfum nefndarinnar hefur margt þróast til betri vegar, til dæmis hafa verið sett inn virk endurskoðunarákvæði eftir þrjú ár og skal sá tími nýttur til þess að koma með tillögur til úrbóta sem lagðar verði fyrir samningsaðila.

**Þvert á það sem Bolli virðist telja, þá er landbúnaðarstefna Vinstri grænna bæði með sterkum umhverfisáherslum og með skýrri sýn til framtíðar.**

Hvað varðar staðhæfingar Bolla um að í búvörusamningnum sé hvatt til gróðureyðingar á viðkvæmum svæðum, þá hafa fulltrúar Vinstri grænna lagt mikla áherslu á styrkari ákvæði um umhverfisþáttinn í búvörusamningnum – þótt enn sé ekki nógu langt gengið í þeim efnum að mati fulltrúa VG sem við undirstrikum m.a. í okkar nefndaráliti í atvinnuveganefnd. Þetta er í samræmi við nýsamþykkta landbúnaðarstefnu Vinstri grænna, sem kveður á um það að tryggja þurfi sjálfbæra landnýtingu, m.a. með skýrri rammaáætlun um landnýtingu, virkri beitarstjórnun í öllum landsfjórðungum og að sjálfbærni og náttúruvernd verði lykilþættir við landbúnaðarframleiðslu.

**Með skýrri sýn til framtíðar**

Þvert á það sem Bolli virðist telja, þá er landbúnaðarstefna Vinstri grænna bæði með sterkum umhverfisáherslum og með skýrri sýn til framtíðar. Hlýt ég því að hvetja hann til að kynna sér stefnuna, sem er aðgengileg á vef hreyfingarinnar. Þar getur hann líka lesið að það er skoðun landsfundar VG að það sé afar mikilvægt að stuðningskerfi landbúnaðarins sé til stöðugrar umræðu og endurskoðunar. Markmið ríkisins með stuðningi sínum er í senn að tryggja neytendum örugg og góð matvæli á hagstæðu verði og að viðhalda byggð um landið allt.

Þó að margir frjálshyggjusinnar myndu vilja hafa hér einvörðungu frjálst markaðskerfi í landbúnaði – sem hætta er á að myndi leiða af sér enn frekari samþjöppun í framleiðslu og fákeppnismarkað með landbúnaðarvörur – er staðreyndin sú, að hið opinbera þarf að styðja við landbúnað og matvælaframleiðslu svo þessi framleiðsla geti þrifist og bændastéttin lifað af störfum sínum Horfumst í augu við það en tryggjum um leið viðunandi starfskilyrði bænda sem og viðunandi verð og framboð fyrir alla neytendur með umverfisvernd og sjálfbærni að leiðarljósi.

Það er hagur okkar allra.

# Kosið um peninga og völd



Guðmundur Ari Sigurjónsson
frambjóðandi í flokksvali Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi

Nú styttist óðum í kosningar og allir flokkar á fullu í að manna framboðslista sína. Það fylgir alltaf kosningabaráttu að stjórnmálaflokkar fari í sparifötin og byrji loksins að tala um eldri borgara, ungt fólk og öryrkja. Það er því ekkert skrýtið að erfitt geti reynst að gera upp á milli stjórnmálaflokka í kosningabaráttu þar sem svo virðist sem allir vilji auka jöfnuð og velferð þessar síðustu vikur fyrir kjördag.

Það getur því verið gott að fjarlægja kosningaloforðin og allt umstangið sem fylgir kosningum og líta á stóru myndina. Næstu alþingiskosningar munu snúast í megindráttum um tvo hluti, peninga og völd, og mun baráttan verða á milli ójafnaðarmanna og jafnaðarmanna.

Ójafnaðarmenn sem nú eru í ríkisstjórn hafa gefið það út að þeir vilji einfalda skattkerfið og snúa baki við þrepaskiptu skattkerfi. Jafnaðarmenn berjast fyrir því að fjölga skattþrepum og hækka persónuafslátt til að lækka skatta á þá sem hafa minnst á milli handanna en hækka þá á þá sem eru tekjuhæstir í samfélaginu. Þannig vilja jafnaðarmenn auka ráðstöfunartekjur þeirra sem nú hafa minnst á milli handanna á kostnað þeirra sem synda í seðlum.

Ójafnaðarmenn hafa gefið það út að þeir vilji berjast gegn nýrri stjórnarskrá, halda þannig völdum hjá valdhöfum og auðlindum frá almenningi. Jafnaðarmenn berjast fyrir því að færa völdin í auknum mæli til almennings og tryggja það að auðlindir landsins og stærri hluti af þeim arði sem skapast sé í almannaeigu. Það er gert með nýrri stjórnarskrá sem byggir á tillögum stjórnlagaráðs.

Stjórnmál á Íslandi eru alls ekkert flókin þó svo að við eigum það til að flækja þau með því að fara út í endalausa rökræðu um tæknilegar útfærslur. Meirihluti Íslendinga er jafnaðarmenn en til þess að tryggja það að jafnaðarmenn leiði næstu ríkisstjórn þurfum við sem þjóð að sameinast um grunngildin í stað þess að rífast um smáatriðin. Þetta er ekki flókið, við viljum auka jöfnuð með því að auka vald og ráðstöfunartekjur almennings á Íslandi.

Betri notaður bíll á betra verði og betri lánakjörum

TOYOTA
ALWAYS A BETTER WAY



Toyota Yaris Live

15.06. 2015
Ekinn 32.300 km.
bensín, beinskiptur.

Verð: 2.350.000 kr.
Betra verð: 1.990.000 kr.
eða 26.280 kr. á mánuði*

*miðað við 20% útborgun og bílasamning í 84 mánuði frá Arion banka.

Arion banki

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

toyotakauptuni.is

BETRI NOTAÐIR BÍLAR



Tryggvi Snær Hlinason, miðherjinn hávaxni, leikur sína fyrstu keppnisleiki með íslenska landsliðinu í undankeppni EM 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Upplifun að mæta svona stórum og sterkum mönnum

**Tryggvi Snær Hlinason, átján ára Bárðdælingur, var valinn í lokahóp Íslands fyrir undankeppni EM og fær því stórt hlutverk í baráttunni um að koma Íslandi í lokakeppni Evrópumótsins 2017. Framtíðin er óráðin hjá Tryggva Snæ sem getur valið um gerast atvinnumaður í Evrópu eða fara í háskóla í Bandaríkjunum.**

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is



**KÖRFUBOLTI** Fátt kom á óvart í vali Craig Pedersen á tólf manna lokahópi sínum fyrir undankeppni EM 2017 í körfubolta, ef frá er talið val hans á miðherjanum Tryggva Snæ Hlinasyni sem fékk nú tækifærið í stað Ragnars Nathanaelssonar.

Tryggvi Snær er 216 cm miðherji sem sló í gegn með Þór Akureyri í 1. deildinni í vetur. Þessi öflugi Bárðdælingur þykir mikið efni og er hann nú undir smásjá atvinnumannaliða í Evrópu sem og háskólaliða í Bandaríkjunum.

En fyrst um sinn mun hann einbeita sér að landsliðinu sem hefur leik í undankeppni EM annað kvöld þegar strákarnir mæta Sviss í Laugardalshöllinni.

### Dagur eins og vika

„Ég er alsæll með að fá tækifærið,“ sagði Tryggvi Snær við Fréttablaðið í gær. „Ég hafði svo sem trú á því að ég kæmist í liðið en það hefði samt ekki komið mér á óvart að Ragnar hefði verið valinn. Það hefði ég skilið fullkomlega.“

Hann hefur notið góðs af því að æfa með íslenska landsliðshópnum í sumar en auk þess var hann í eldlínunni með U-20 liði Íslands sem komst í úrslitaleik B-deildar EM í Grikklandi.

„Ég hef lært óendanlega mikið af þessum köllum. Þeir eru ófeimnir við að koma með ábendingar og líður mér stundum eins og að einn dagur með landsliðinu sé eins og ein vika með félagsliði.“

> Sama hvað gerist þá er ljóst að ég mun alltaf hafa landsliðið í forgangi.
>
> Tryggvi Snær Hlinason

### Gaman að kljást við stóra kalla

Tryggvi Snær er fyrst og fremst vanur því að spila með Þór Akureyri í 1. deildinni og hefur því kynnst því í fyrsta sinn í sumar hvernig það er að kljást við leikmenn sem eru svipaðir honum í vexti.

„Á æfingamótinu í Austurríki mætti ég til dæmis einum svakalega stórum og sterkum leikmanni. Það var í fyrsta sinn sem ég fékk það á tilfinninguna að maður ætti eiginlega ekki séns í hann. Það var upplifun og mjög skemmtilegt að fá að kljást við svona kalla.“

### Evrópa eða Bandaríkin

Tryggvi segir líklegast að hann muni spila fyrst um sinn með Þór Akureyri sem verður nýliði í Domino's-deildinni í vetur, að minnsta kosti þar til hann klárar rafvirkjanám sitt um áramótin.

„Ég er búinn að hugsa mikið um þessi mál en býst ekki við því að taka endanlega ákvörðun fyrr en eftir landsleikjatörnina,“ segir Tryggvi Snær sem getur valið bæði um að gerast atvinnumaður í Evrópu eða að fara í háskóla í Bandaríkjunum. Spænska stórliðið Valencia hefur til að mynda gert honum tilboð.

„Stóra ákvörðunin er hvora leiðina ég vel – Bandaríkin eða Evrópu. Það eru kostir og gallar við báðar leiðir en ég hef marga ráðgjafa hér í landsliðinu sem ég get spjallað við. En sama hvað gerist þá er ljóst að ég mun alltaf hafa landsliðið í forgangi – það er alveg ljóst.“

## Kostir Tryggva nýtast okkur betur

Craig Pedersen, landsliðsþjálfari Íslands, segir að það hafi verið erfitt að velja á milli Tryggva Snæs Hlinasonar og Ragnars Ágústs Nathanaelssonar í stöðu miðherja í íslenska landsliðinu.

„Þegar við hófum undirbúning okkar í sumar þá vissum við að við myndum bara velja annan. Báðir hafa bætt sig mikið í sumar og gerir Ragnar margt betur en Tryggvi og öfugt. En við þurfum meira af því sem Tryggvi gerir betur og teljum að það nýtist okkur betur, sérstaklega í sókninni.“

Hann segir að Ragnar sé betri varnarmaður en Tryggvi. „En við viljum ekki vera með stóran mann til að vera með stóran mann. Við viljum að hann skili einhverju af sér.“

Pedersen segir ljóst að baráttan um EM-sætið verði erfið en Ísland er í riðli með Belgíu, Kýpur og Sviss. Sigurvegari riðilsins fer áfram og þau fjögur lið sem bestum árangri ná í öðru sæti riðlanna í undankeppninni allri.

„Belgía er með sterkasta liðið en þar fyrir utan verður þetta opið. Öll lið eiga möguleika en vonandi spilum við nógu vel til að komast áfram. Við munum berjast fram í síðasta leik.“

## Landsliðshópur Íslands

**Axel Kárason,** Svendborg Rabbits
**Brynjar Þór Björnsson,** KR
**Elvar Már Friðriksson,** Barry/Njarðvík
**Haukur Helgi Pálsson,** Rouen Metropole Basket
**Hlynur Bæringsson** (án félags)
**Hörður Axel Vilhjálmsson,** Rythmos BC
**Jón Arnór Stefánsson,** KR
**Kristófer Acox,** Fuman University/KR
**Logi Gunnarsson,** Njarðvík
**Martin Hermannsson,** Etoile de Charleville-Mezeres
**Tryggvi Þór Hlinason,** Þór Akureyri
**Ægir Þór Steinarsson,** San Pablo

### KOLBEINN TIL GALATASARAY



Samkvæmt tyrkneskum fjölmiðlum er Kolbeinn Sigþórsson á leið til tyrkneska stórliðsins Galatasary frá Nantes í Frakklandi. Um er að ræða lánssamning sem gildir út tímabilið en búist er við því að Kolbeinn komi til Istanbúl í dag. Landsliðsframherjinn kom til Nantes frá Ajax í fyrra en fann sig ekki á síðasta tímabili. Kolbeinn skoraði aðeins þrjú mörk í 26 deildarleikjum og fékk talsverða gagnrýni fyrir frammistöðu sína. Galatasaray er sigursælasta lið Tyrklands en olli miklum vonbrigðum á síðasta tímabili, endaði í 6. sæti tyrknesku deildarinnar og komst ekki í Evrópukeppni.

**Ef að útlendingum yrði fækkað niðrí 1-2 á lið, væru Skagamenn þá ekki í bullandi titilbaráttu eins og á árum áður?**

Einar Hjörleifsson
@Einar_Hjorleifs

### HLYNUR LÍKLEGA Á HEIMLEIÐ

Meiri líkur en minni eru á því að Hlynur Bæringsson, fyrirliði íslenska körfuboltalandsliðsins, leiki í Domino's-deild karla á næsta tímabili. Hlynur hefur verið án félags síðan sænska liðið Sundsvall Dragons varð gjaldþrota fyrr í sumar. Í viðtali við íþróttadeild í gær sagði Hlynur að hann myndi annaðhvort spila í Svíþjóð eða á Íslandi næsta vetur og eins og staðan væri núna væri síðarnefndi kosturinn líklegri. Hlynur lék með Snæfelli áður en hann fór til Svíþjóðar og varð tvöfaldur meistari með Hólmurum 2010. Eftir það tímabil gekk Hlynur til liðs við Sundsvall og lék með sænska liðinu í sex ár við góðan orðstír.

**Engin lið nema Sunderland og Torino hafa sýnt Hart áhuga. Segir þetta ekki e-ð um gæði enskra markvarða?**

Magni Þór Óskarsson
@magnitoro

### VIÐAR ÖRN TIL ÍSRAELS?

Viðar Örn Kjartansson, markahæsti leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar, er orðaður við ísraelska stórliðið Maccabi Tel Aviv. Fjölmiðlar í Ísrael fullyrtu í gær að félagið hefði boðið 3,5 milljónir evra, eða 457 milljónir íslenskra króna, í Viðar. Selfyssingurinn hefur komið eins og stormsveipur inn í sænsku deildina og er kominn með 14 mörk í 20 leikjum fyrir Malmö sem er með eins stigs forystu á toppnum. Maccabi Tel Aviv situr einnig á toppnum í ísraelsku deildinni, með sex stig eftir þrjár umferðir.






Þessi vítamín gagnast þeim sem vilja halda flensu og kvefi í skefjum.

# ÖFLUG VÍTAMÍN FYRIR VETURINN

**Artasan kynnir** Þegar tekur að hausta og kólna í veðri fara flensur og ýmsar kvefpestir á stjá. Þá er kominn tími til að styrkja ónæmiskerfið og varnir líkamans. Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfi gefur góð ráð og mælir með bætiefnum sem geta hjálpað til við að halda góðri heilsu í vetur. Þau eiga það sameiginlegt að styrkja ónæmiskerfið.



Hrönn Hjálmarsdóttir

„Það má enginn vera að því að vera veikur heima með flensu eða aðra umgangspest og kvef getur líka verið ansi þrálátt. Ónæmiskerfið þarf að vera öflugt til að berjast gegn bakteríum og veirum og það besta sem við gerum er að hjálpa til með heilbrigðum lífsstíl og inntöku á góðum vítamínum og bætiefnum,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

„Ég tek inn vítamín og bætiefni allt árið. Sumt tek ég alltaf en annað er breytilegt eftir heilsufari og árstíðum. Ég tek alltaf inn góða meltingargerla en nú er það löngu orðið ljóst að heilbrigt meltingarkerfi og heilbrigður ristill er grunnurinn að góðri heilsu, bæði líkamlegri og andlegri. Ég vel Prógastró-meltingargerlana vegna þess að þeir margfalda sig í þörmunum og eru gall- og sýruþolnir. Þá tek ég D-vítamín sem ég úða undir tungu og omega-3 olíu, allt árið um kring.“

Nú þegar haustið nálgast bætir Hrönn aðeins við og tekur Immune Support sem hún segir frábæran flensubana. „Það inniheldur öfluga blöndu af efnum sem styrkja ónæmiskerfið og er yllir (elderberry) og beta-glucan þar á meðal."

Kaldhreinsaður hvítlaukur er sömuleiðis frábær að sögn Hrannar en hann er bakteríudrepandi og hefur margvísleg læknandi áhrif. „Ég get svo ekki sleppt því að nefna uppáhaldið mitt en C-vítamín er alltaf á mínum borðum. C-vítamín er bakteríudrepandi og líkaminn þarf stöðugt á því að halda. Við mannfólkið erum eitt af örfáum spendýrum sem framleiðum ekki þetta vítamín sjálf og því gott að hafa það alltaf til taks. Þegar ónæmiskerfið er að berjast við að vinna á umgangspestum, kvefi og öðrum leiðindum er það líka fljótt að klárast,“ útskýrir Hrönn.

Hún segir heilbrigðan lífsstíl þó alltaf grunninn og því afar mikilvægt að sofa nóg, borða hollt og hreyfa sig alla daga. „Ekki er verra ef við getum stundað hreyfinguna úti við og andað að okkur hreina loftinu.“

### PRÓGASTRÓ

Prógastró-mjólkursýrugerlarnir eru afar öflugir en þarna eru fjórar tegundir gall- og sýruþolinna gerlastofna. Einn af þeim er L. acidophilus DDS®-1 en það þýðir að hann margfaldar sig í þörmunum. Þessi gerill er talinn gagnlegur fyrir alla aldurshópa og benda rannsóknir einnig til þess að hann bæti almennt heilsufar fólks þar sem hann:

- Aðlagast líkamsstarfseminni vel
- Er gall- og sýruþolinn
- Bætir meltingu
- Hjálpar til við styrkingu ónæmiskerfisins
- Stuðlar að betra jafnvægi þarmaflórunnar
- Framleiðir verulegt magn af laktasa sem getur hjálpað gegn laktósaóþoli

### D-LÚX VÍTAMÍNÚÐINN FRÁ BETTER YOU ER BRAGÐGÓÐUR OG HANDHÆGUR

D-lúx er spreyjað undir tungu en þannig skilar efnið sér hratt og örugglega út í blóðrásina og rannsóknir hafa sýnt að sprey undir tungu skilar vítamíninu betur inn í blóðrásina en töflur sem fara í gegnum meltingarveginn. Lítil úðaglös sem passa vel í veskið og allir eru til í að sprauta upp í sig góðu piparmintubragði.

D-vítamínskortur getur haft mjög alvarlegar afleiðingar til lengri tíma og skiptir þetta vítamín t.a.m. sköpum fyrir heilbrigt ónæmiskerfi og sterkar tennur og bein en vitað er um a.m.k. 100 mismunandi sjúkdómseinkenni eða sjúkdóma sem tengjast D-vítamínskorti. Íslendingar fara ekki varhluta af sólarleysinu, nema kannski rétt yfir hásumarið og því er sérlega mikilvægt fyrir alla fjölskyldumeðlimi að taka inn D-vítamín, frá 2 vikna aldri.

### IMMUNE SUPPORT BÆTIEFNABLANDAN FRÁ NATURES AID

Inniheldur öll helstu bætiefnin sem styrkja ónæmiskerfið s.s. A-, D3- og C-vítamín, hvítlauk, sink, kopar, selen, ester-C, beta-glucan og ylli (elderberry). Beta-glucan er talið öflugra en margt annað þegar kemur að því að verja okkur gegn sýkingum og óæskilegum bakteríum og yllirinn, sem er gömul lækningajurt, var notaður við kvefi en hann er talinn góður fyrir öndunarfærin.

### HVÍTLAUKUR (CONCENTRATED GARLIC) FRÁ NATURES AID

Svokölluð kaldvinnslutækni (cold-processing technique) en notuð við framleiðsluna á þessum hvítlaukstöflum og er þannig hægt að lágmarka lykt og eftirbragð, án þess að virkni efnisins sé skert. Það reynist mörgum erfitt að borða hrá hvítlauksrif, ef ekki ómögulegt og þá er upplagt að taka inn töflur sem eru stútfullar af þessu töfraefni.

### KRILL ER BESTA FORM OMEGA-3 SEM VÖL ER Á

Rannsóknir hafa sýnt fram á að Omega 3 er gott fyrir æðakerfið, heilann, húðina og ónæmiskerfið. Krill er Omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd en það er sótt í Suðuríshafið, eitt hreinasta hafsvæði veraldar. Samkvæmt rannsóknum þarf aðeins 1 gramm af krillolíu meðan að þarf 4-6 grömm af öðrum fiskiolíum til að ná sömu áhrifum. Suðurhafskrillið inniheldur einnig náttúrulegt andoxunarefni sem heitir astaxanthin og er það talið eitt það öflugasta sem völ er á. „Nú er verið að bjóða Norðurkrillið á sérstöku tilboði, 2 fyrir 1, á flestum sölustöðum.

### C-VÍTAMÍN FRÁ NATURES AID

Sennilega eitt mest notaða vítamínið gegn flensu og kvefi. Fjöldi rannsókna sýnir að stærri skammtar draga úr einkennum kvefs og stytta meðgöngutíma þess. Það er alltaf gott að taka inn C-vítamín þar sem það hjálpar líkamanum að vinna gegn og draga úr hvers kyns bakteríusýkingum. Natures Aid býður bæði upp á „time release“ þar sem upptaka í líkamanum á að dreifast á marga klukkutíma og „low acid“ sem inniheldur minni sýru og hentar vel fyrir viðkvæma maga.

**Sölustaðir:** Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.

ALLTAF
VIÐ HÖNDINA
Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu




Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store
Google Play
Microsoft
FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

# ERU ÚTREIÐAR GÓÐAR FYRIR LÍKAMANN?

**Helga Björg Þórólfsdóttir** kírópraktor segir hestamennsku vera mun meiri vinnu og meiri þjálfun fyrir allan líkamann en flestir haldi. Sérstaklega liðki reiðmennskan líkamann og sér í lagi bakið.

„Allir hestamenn geta verið sammála um að reiðtúr á góðum hesti sé hressandi bæði fyrir líkama og sál. Þó hafa þeir líklega flestir heyrt frá fólki sem er síður fyrir hestamennsku að það sé lítið mál að ríða út; maður einfaldlega sitji og hesturinn sjái um alla vinnuna. Þetta er alrangt, því að sitja og stjórna hesti er mikil vinna og góð þjálfun fyrir allan líkamann," segir Helga Björg. Hún segir augljósustu vinnuna fara fram í höndum, handleggjum og fótleggjum. „En hún er hvað mest í baki knapans. Bakið er flókið kerfi margra vöðvalaga og hryggjarins sem saman gera okkur kleift að sitja og fylgja hreyfingum hestsins án þess að trufla takt hans og jafnvægi."

Helga Björg bendir á að þegar fólk sitji hest noti það mikið djúpu vöðvana í kviðnum til að sitja upprétt og halda jafnvægi. „Að hafa sterka djúpvöðva er mjög fyrirbyggjandi gegn bakverkjum og þeir verja líkamann þegar hann verður fyrir hnjaski eða höggi eins og að detta af baki."

> Vinnan er hvað mest í baki knapans. Bakið er flókið kerfi margra vöðvalaga og hryggjarins sem saman gera okkur kleift að sitja og fylgja hreyfingum hestsins án þess að trufla takt hans og jafnvægi.
>
> Helga Björg Þórólfsdóttir

Það sem gerir útreiðar sérstaklega góðar fyrir líkamann að mati Helgu Bjargar er að hreyfingar hestsins sem fólk þarf að fylgja eftir eru í allar áttir (fram/aftur, upp/niður og hægri/vinstri) og þjálfa því vel jafnvægi, samhæfingu og líkamsvitund. „Þessi hreyfing á hestinum er einstök leið til að liðka líkamann, sérstaklega bakið," segir hún.

Helga Björg segir rétta ásetu skipta miklu. „Falleg áseta á að vera óþvinguð og ekki óþægileg fyrir knapann. Ef knapinn finnur fyrir verkjum og óþægindum í baki eða annars staðar í líkamanum í „réttri" ásetu, sama hver gangtegundin er, þá er það merki um að ekki sé allt með felldu í stoðkerfinu, það er beinagrindinni og vöðvum sem henni tengjast. Skekkja í stoðkerfinu getur verið meðfædd eða tilkomin vegna hnjasks hvenær sem er á ævinni. Sé skekkjan ekki leiðrétt í þeim tilgangi að stoðkerfið starfi rétt getur vandamálið ágerst og valdið því að við beitum okkur rangt og komið af stað keðjuverkun í öllum líkamanum," upplýsir hún.

„Heilbrigt stoðkerfi er grunnurinn að því að við beitum líkamanum rétt og getum notið hreyfingar og útiveru, eins og útreiða, til fulls."



Helga Björg á góðri stund með ferfættum vini.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*










TILBOÐI LÝKUR 31. ÁGÚST
ALLT INNIFALIÐ
MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM
116-5
188.100 KR.
ÁÐUR: 306.700 KR.
EINN FUGL FYLGIR
2042
149.000 KR.
ÁÐUR: 276.600 KR.
2046
270.000 KR.
ÁÐUR: 408.900 KR.
2020
268.620 KR.
ÁÐUR: 406.900 KR.
116-5
188.100 KR.
ÁÐUR: 306.700 KR.
EINN FUGL FYLGIR
113
297.420 KR.
ÁÐUR: 442.900 KR.
2021
304.000 KR.
ÁÐUR: 451.900 KR.
539.900 KR.
ÁÐUR: 746.000 KR.
104
329.000 KR.
ÁÐUR: 482.900 KR.
118
313.000 KR.
ÁÐUR: 462.900 KR.
385.000 KR.
ÁÐUR: 552.900 KR.
ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
ÞARF AÐ ENDURNÝJA
LETRIÐ Á STEININUM?
GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.
FYRIR
EFTIR
*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.
BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## BÍLAR & FARARTÆKI


SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**


BORGARBÍLASALAN
580 8900 · borgarbilasalan.is



**SMÁR, KNÁR & RATVÍS!!!**
'16 PEUGEOT 208. EK 35 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK. ÍSLENSKT NAVI & BLUETOOTH!!! ÁSETT 1.990 ÞÚS. #451934. S: 580 8900



**SNAGGARALEGI FJÖLSKYLDUBÍLLINN!!!**
'15 RENAULT CLIO SPORT TOURER. EK 53 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK. RÚMAR ALLA VEL!!! ÁSETT 2.480 ÞÚS. #451932. S: 580 8900



**SPORTLEGA FRÚIN!!!**
'15 RENAULT CAPTUR DYNAMIC. EK 41 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK. GÓÐUR Í VETUR!!! ÁSETT 3.090 ÞÚS. #470297. S: 580 8900



**BOMBAN!!!**
'15 TOYOTA LC 150 GX. EK 57 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK. PARFNAST SMÁ LAKKVINNU. TILBOÐSVERÐ 7.990 ÞÚS. #451923. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

100bílar.is bílasala




Nissan E-NV200, 10/2014, ek 5 þús km, verð 2.950 þús, ( nývirði 4.690. þús ), sjsk, hraðhleðslutengi.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**DÍSEL TILBOÐ 295 ÞÚS!**
Pajero árg '00, disel, sskj, leður, topplúga, rafmagn í bílstj. sæti, krókur. Ek. 200 þús. Góður bíll á tilboði 295 þús. Parfnast viðgerðar. S. 891 9847

## Bílar óskast

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Kerrur



Kerrur frá 144.900,- Evrópsk gæðaframleiðsla. Kynntu þér úrvalið á kerrur.is Dekkjahöllin sími 460 3000

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Bátar






**BÁTUR Í SPORTVEIÐI**
Til sölu Jeannaeu 730 Vél volvo penta 130hp. Bátur í mjög góðu standi, skoðaður 2016. Uppl. 8936109

## ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**ALHLIÐA MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Getum bætt við okkur verkum inni sem úti. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 659 7587 & 847 7034

Inni og útimálun - fagmennska og vönduð vinnubrögð. Fáðu frítt tilboð og gerðu verðsamanb. S:8587531

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## HEILSA

## Nudd




Thailenskt Heilsunudd hjá Joomjan Suðurlandsbraut 16. Pantanir í síma 892 3899

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Sumarbústaðir





Landmark leiðir þig heim!

LANDMARK
FASTEIGNASALA
Sími 512 4900
landmark.is



**Sveinn Eyland**
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820



**Nadia Katrín Banine**
Sölufulltrúi
Sími 692 5002






### HOLTSVEGUR 33 – URRIÐAHOLT
**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG**
**30. ÁGÚST KL.18:00-18:30**
**LAUS FLJÓTLEGA**

- Um er að ræða nýlega 2ja herb. 97.6 fm íbúð í 9 íbúða lyftufjölbýli.
- Húseign er nánast viðhaldsfrí.
- Íbúð er á annari hæð, eingöngu eru tvær íbúðir á hæðinni.
- Bílastæði í lokuðu bílastæðahúsi fylgir.
- Aukin lofthæð í íbúð / útsýni af svölum.
- **V. 39.9 millj.**



Hafðu samband
**NADÍA KATRÍN BANINE**
Sölufulltrúi. Sími 692 5002






### VINDAKÓR 2 – 203 KÓP
**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAG**
**30. ÁGÚST KL.17:00-17:30**
**LAUS FLJÓTLEGA**

- Falleg 129 fm 4ra herb., íbúð á 5.hæð í lyftufjölbýli
- Gluggar á 3 vegu og ægifagurt útsýni
- Tvö rúmgóð svefnherb. og tvær stofur
- Rúmgott baðherb., baðkar & sturta
- Stæði í lokaðri bílgeymslu
- Viðhaldsfrítt hús að utan
- **V. 44.5 millj.**



Hafðu samband
**NADÍA KATRÍN BANINE**
Sölufulltrúi. Sími 692 5002

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það.
S: 564-6500

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 & solbakki311@gmail.com Sólbakki.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**SÚRDEIGSGERÐIN Í LINDUM KÓPAVOGI**
óskar eftir starfsmanni í 100% starf við afgreiðslu frá 12-20 alla virka daga.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á surdeigsgerdin@surdeigsgerdin.is

**STARFSMENN Í VÖRUHÚS**
Samskip leita eftir öflugu starfsfólki í almenn störf í vöruhúsi. Umsækjendur verða að vera með bílpróf, hafa ríka þjónustulund og sterka öryggisvitund. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá.

Tekið er á móti umsóknum í gegnum vefsíðu okkar www.samskip.is

**STARFSFÓLK ÓSKAST.**
Starfsfólk óskast í dagvinnu 11-17 Kvöld og helgar 10-16 og 16-22
**umsóknir sendist á hlollabatar@hlollabatar.is eða í síma 8610500 eða 8422800.**

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST:**
Óska eftir bílstjóra í fullt starf óháð kyni við akstur á Reykjavíkursvæðinu.
Um er að ræða akstur fyrir Ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra, á vegum sveitafélaganna og Strætó BS.
Þarf að hafa ökuréttindaflokk D eða D1.
100% starf og yfirvinna.
Skilyrði: Rík þjónustulund, góð mannleg samskipti og hreint sakavottorð.
**Umsóknir sendist:á bifreidastjori@gmail.com**

**STARFSFÓLK ÓSKAST.**
Starfsfólk óskast á Hlöllabáta Ingólfstorgi. Kvöld helgar og næturvinna.
**Umsóknir sendist á hlollabatar@hlollabatar.is á staðnum milli 13-17 eða í síma 8610500 eða 8422800.**

**VILT ÞÚ VINNA MEÐ OKKUR.**
Óskum eftir hressu, þjónustulunduðu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í bakaríinu okkar í Mosfellsbæ. Vinnutíminn er frá 13:00 - 18:30 alla virka daga.

Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku. Hægt er að fylla út umsókn á staðnum eða á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/

**VANUR STARFSKRAFTUR ÓSKAST Á HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI**
Þarf að tala íslensku, ekki yngri enn 25 ára. Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs. S. 567 4468.

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**

Tvítugur strákur óskar eftir mikilli vinnu, er með bíl. Skoða allt. Uppl. í s. 696 2381 og 848 6904


**Ertu að leita að talent?**
Við finnum starfsmanninn fyrir þig

lind@talent.is

bryndis@talent.is
TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**
Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu.
HANDAFL EHF s. 777 2 333

**Er von á grýlu?**
Haltu rennunum grýlufríum í vetur


íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

**Þurrkbox**
í ferðavagnin fyrir veturinn
Tilboð 3 fyrir 2


**Grátandi gluggar?**
Þurrktæki lækkar rakastigið

Tilboð frá kr 44.999

**Þakrennukitt**

Tilbúinn hitavír í rennur með hitastilli og rafmagnskapli.

viftur.is -andaðu léttar

## Merkisatburðir

**1720** Jón Vídalín Skálholtsbiskup andast, 54 ára gamall, á leið norður Kaldadal. Þar heitir nú Biskupsbrekka.
**1779** Íslendingar stofna Hið íslenska lærdómslistafélag í Kaupmannahöfn. Markmiðið er að fræða Íslendinga um bústjórn og bæta vísindaþekkingu þeirra og bókmenntasmekk. Jón Eiríksson konferensráð er forseti félagsins.
**1966** Tvær trillur sigla fram á marsvínavöðu sem þær reka á undan sér upp í landsteinana við Laugarnes í Reykjavík.
**1967** Eldur kemur upp í vöruskemmum Eimskipa við Borgartún í Reykjavík þar sem þúsundir tonna af vörum eru í geymslu. Slökkvilið berst við eldinn í rúmlega sólarhring. Eignatjón er meira en áður hefur orðið í eldsvoða á Íslandi.
**1990** Aserbaídsjan lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
**2004** Fjölbrautaskóli Snæfellinga tekur til starfa.

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Guðlaug Hulda Halldórsdóttir**
Norðurvöllum 36, Reykjanesbæ,

andaðist á Hrafnistu, Nesvöllum, miðvikudaginn 24. ágúst. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 31. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á MND félagið á Íslandi.

**Örn S. Eiríksson**
**Ólafur Örn Arnarson** — **Brynja D. Eiríksdóttir**
**Arnar Már Arnarson** — **Aðalheiður Ásdís Þ.**
**Eiríka Ösp Arnardóttir** — **Elí Úlfarsson**
**Guðlaug Anna Arnardóttir** — **Guðbjartur Rúnar Magnússon**
**og barnabörn.**

---



✝

Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhann Haukur Jóhannsson**
Kleppsvegi 62, Reykjavík,

lést föstudaginn 19. ágúst á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar. Útför hans fer fram í Áskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 31. ágúst kl. 13.00.

**Ragnhildur A. Theódórsdóttir**
**Guðmundur G. Hauksson** — **Svanhildur I. Jóhannesdóttir**
**Sigrún Jóhanna Hauksdóttir**
**Guðmann Hauksson** — **Þórhildur Svavarsdóttir**
**Dóra Mjöll Hauksdóttir** — **Páll Mar Magnússon**
**Stefanía Dögg Hauksdóttir** — **Árni Sveinn Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

**Helmout Karl Kreidler**
sjóntækjafræðingur,

varð bráðkvaddur 19. ágúst. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 2. september klukkan 13.00.

**Steinunn Kristjánsdóttir**
**Einar Victor Karlsson**
**Dagur Freyr Einarsson**
**Eydís Lára Einarsdóttir**

---



✝

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

**Ingu Jónu Ingimarsdóttur**
Vesturgötu 37, Keflavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar A4 LSH og starfsfólk líknardeildar HSS.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hallgrímur Arthúrsson**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Theodór Pálsson**
Nestúni 4, Hvammstanga,

andaðist í faðmi fjölskyldunnar föstudaginn 26. ágúst. Útför hans verður í Melstaðarkirkju miðvikudaginn 31. ágúst klukkan 15.

**Sigríður Lára Andresen** — **Lasse Andresen**
**Páll Theodórsson** — **Ásdís Þórisdóttir**
**Birgir Theodórsson** — **Kristín Ólöf Þórarinsdóttir**
**Kolbrún Rut Theodórsdóttir** — **Gunnar Lundberg**
**börn og barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sólveig Guðlaugsdóttir**
til heimilis að hjúkrunarheimilinu Hjallatúni, Vík í Mýrdal,

lést á sjúkrahúsinu á Selfossi 19. ágúst. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigríður K. Guðjónsdóttir** — **Hjálmar Hermannsson**
**Unnur Guðjónsdóttir** — **Jóhannes Óttar Svavarsson**
**Eggert Guðjónsson** — **Bryndís Helga Hannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Arnbjörg Elídóttir**
Sóltúni 2, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 13. ágúst síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir góða umönnun.

**Hrönn Ríkarðsdóttir** — **Jóhannes B. Sigurðsson**
**Elvar Hólm Ríkarðsson** — **Valgerður Hilmarsdóttir**
**Sævar Ríkarðsson** — **Vilborg Ragnarsdóttir**
**Brynjar Ríkarðsson** — **Lone Viola Engelberg**
**Fjalar Ríkarðsson** — **Ása Pálsdóttir**
**Harpa Ríkarðsdóttir** — **Halldór Söebeck Olgeirsson**
**og ömmubörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Gyða Þorsteinsdóttir**
Sæviðarsundi 11,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 17. ágúst. Útförin fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 1. september kl. 15.00.

**Halla Hjaltested** — **Guðjón Þór Guðjónsson**
